

## **Algengar spurningar í tengslum við atvinnuskírteini og mönnun skipstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.**

### **Útgáfa atvinnuskírteina:**

#### **Gefa sýslumenn ekki lengur út atvinnuskírteini sjómanna?**

Nei. Siglingastofnun Íslands gefur nú út atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna í stað sýslumanna og tollstjórans í Reykjavík. Þykir það horfa til einföldunar og aukins samræmis og til að tryggja sérfræðipækkingu við útgáfu skírteina er talið heppilegra að útgáfa þeirra sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun.

#### **Gefur Siglingastofnun áfram út alþjóðleg STCW-skírteini?**

Já. Siglingastofnun fer samkvæmt lögum nr. [76/2001](#) um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa og reglugerð nr. [416/2003 m. breytingum](#), með útgáfu alþjóðlegra STCW-skírteina. Þeir sem skipstjórnarmenn sem starfa á íslenskum og erlendum farþegaskipum og flutningaskipum þurfa að uppfylla skilyrði þeirra laga og reglna og afla sér slíks skírteinis.

#### **Hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn um atvinnuskírteini sjómanna?**

[Upplýsingar um það eru á umsóknareyðublaði.](#)

#### **Þarf að sækja sérstaklega um atvinnuskírteini á farþega- og flutningaskipa, t.d. svokölluð B1 skipstjórnarskírteini sem fylgdi 2. stigi skipstjórnarnáms?**

Jú, varðandi þau skip eru strangari kröfur og annað skírteini og þarf þá að uppfylla ákvæði laga nr. [76/2001](#) um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa og reglugerð nr. [416/2003 m. breytingum](#).

#### **Hvað eru “önnur skip”?**

*Önnur skip* eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001 og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum nr. 30/2007. Þetta geta t.d. verið dráttarskip, dýpkunarskip, sanddæluskip, hafnsögubátar, rannsóknarskip, sjómælingaskip, tollskip, vitaskip og skólaskip.

### **Smáskiparéttindi (30 brl. – 12 metrar):**

#### **Er ekki lengur kennt til pungaprófs?**

Smábátanám kemur í stað náms til svonefndra 30-brúttórúmlesta réttinda, eða pungaprófs og miðast réttindi skv. því við skip 12 metrar og styttri að skráningarlengd.

#### **Ég tók pungaprófið fyrir 2008. Breytist viðmiðunin hjá mér nú?**

Nei. Ef þú ert handhafi 30 brl. skipstjórnarskírteinis gildir það áfram og þú getur lögskráð þig á skip 30 brúttórúmllestir og minni og þau skip hafi verið mæld brúttórúmllestamælingu miðað við skipaskrá 1. janúar 2008. Eftir þann tíma hafa skip ekki verið mæld í brúttórúmllestum.

## Skipstjórnarskírteini:

### Hver gefur út atvinnuskírteini skipstjórnarmanna?

Siglingastofnun Íslands gerir það. Umsækjandi þarf að fylla út og undirrita [umsóknareyðublað](#) og senda Siglingastofnun Íslands ásamt þeim gögnum sem þar eru tilgreind.

### Er brúttórúmllestaviðmiðunin nú úrelt?

Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna miðast nú við lengd skipa í metrum talið í stað brúttórúmllestatölu þeirra samkvæmt eldri lögum.

### Hvað um atvinnuréttindi þeirra sem hafa skipstjórnarpróf 1. stigs frá sjómannaskóla?

Atvinnuréttindi kennd við 1. stig skipstjórnarnáms, sem hafa veitt réttindi til starfa sem skipstjóri á skipum allt að 200 brúttórúmllestum, veita réttindi til starfa á skipum allt að 45 metrum að lengd í innanlandssiglingum.

### Hvaða réttindi gefur viðkomandi námstig í skipstjórnarnámi á fiskiskip og önnur skip?

#### Hvaða siglingatíma þarf til að fá atvinnuskírteini?

#### Hver er lágmarksaldur til að fá atvinnuskírteini?

#### Hverjir eru nýju skírteinaflokkarnir og tengsl þeirra við eldri skírteinin?

Skírteini	Takmarkanir	Námsstig	Siglingatími	Aldur	Eldra skírteini
Skipstjóri (CB)	engar	C	1)	18	A.6 – 2. stig
Yfirstýrimaður (CA)	fiskiskip og önnur skip	C	2)	18	A.5 – 2. stig
Undirstýrimaður (BB)	engar	B	3)	18	A.4 (500 brl.)-1. stig
Skipstjóri (BC)	<45 m. í innanlandssiglingum	B	4)	18	A.4 (200 brl.)-1. stig
Yfirstýrimaður/stýrim. (BA)	<45 m. í innanlandssiglingum	B	5)	18	A.3 (200 brl.)-1. stig
Undirstýrimaður (AB)	<45 m. í innanlandssiglingum	A	6)	18	A.3 (200 brl.)-1. stig
Skipstjóri (AD)	<24 m. í innanlandssiglingum	A	7)	18	A.2 (80 brl.)
Stýrimaður (AC)	<24 m. í innanlandssiglingum	A	8)	18	A.2 (80 brl.)
Skipstjóri/stýrimaður (SS)	<12 m. í strandsiglingum	Námskeið	9)	18	A.1 (30 brl.)

\* Heimilt er að margfalda dagafjöldi skv. sjóferðabók eða vottorði lögskráningarstjóra með stuðlinum 1,5 enda sé vinnuframlag skipverja á 24 klukkustunda tímabili a.m.k. 12 tímar eða meira.

- 1) 12 mánuðir sem yfirstýrimaður á skipum lengri en 45 metrar að skráningarlengd eða 12 mánuði sem skipstjóri á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd.
- 2) 12 mánuðir sem stýrimaður eða skipstjóri á skipum 24 metrar og lengri að skráningarlengd.
- 3) 18 mánuðir
- 4) 12 mánuðir sem stýrimaður á skipum styttri en 45 metrar eða 12 mánuðir sem skipstjóri á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd.
- 5) 18 mánuðir.
- 6) 18 mánuðir
- 7) 12 mánuðir sem stýrimaður eða a.m.k. 12 mánuðir sem skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að skráningarlengd.
- 8) 18 mánuðir.
- 9) 12 mánuðir.

### Er hægt að fá undanþágu frá kröfu um atvinnuskírteini?

Já, það er hægt í undantekningartilfellum og þegar menn með skírteini vantar til starfa. Þá þarf að senda [umsókn um undanþágu](#) til undanþágunefndar sem starfar skv. [14. gr. laga nr. 30/2007](#) og reglugerð nr. 1004/2010 og starfsreglur undanþágunefndar frá 3. mars 2011. Slík undanþága er veitt til að gegna tiltekinni stöðu á tilteknu skipi í allt að 6 mánuði og aðeins til þess sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágu. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu lægri stöðu má veita

þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur næga þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

### Hvaða reglur gilda um fjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum og öðrum skipum?

Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum og öðrum skipum tekur nú annars vegar mið af skráningarlengd skipsins í metrum og hins vegar af ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum, sjá 12. gr. laga nr. 30/2007.

Lengd skips - skráningarlengd	Skipstjórn
<12 metrar	Skipstjóri (SS), sem má vera hinn sami og vélavörður (SSV) sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og hafi atvinnuskírteini til að gegna þeim störfum.
12 - 24 metrar	Skipstjóri (AD) og stýrimaður (AC). Heimilt að vera án stýrimanns að fenginni heimild mönnunarnefndar ef útvistartími er styttri en 14 klst.
24 - 45 metrar	Skipstjóri (BC) og stýrimaður (BA)
≥ 45 metrar	Skipstjóri (CB), yfirstýrimaður (CA) og undirstýrimaður (BB)

### Er hægt að fá frávík frá þessum reglum um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna?

Já, það er hægt með því að senda [erindi til mönnunarnefndar skipa](#) sem starfar skv. 13. gr. laga nr. 30/2007 og reglugerð um mönnunarnefnd skipa, 420/2003.

[Hér](#) má nálgast úrskurði mönnunarnefndar fiskiskipa sem jafnframt eru færðir í lögskráningarkerfi sjómanna.

### Hvað eru skírteinin gefin út til langs tíma?

Skírteini eru gefin út til 5 ára í senn hvort sem þau eru gefin út í fyrsta sinn eða endurnýjuð. Við endurnýjun skírteinis sem ekki fellur undir alþjóðasamþykktir (STCW-F), þ.e. skírteini sem skipstjóri á skipum 24 metrar og styttri í strandsiglingum, er skírteinið gefið út til 10 ára.

### Ég hef ekki verið á sjó sl. 5 ár. Get ég endurnýjað skírteini mitt?

Við endurnýjun skírteina er miðað við að umsækjandi hafi að baki siglingatíma í a.m.k. eitt ár á síðustu fimm árum. Ef svo er ekki, þarf:

- hafa sinnt sambærilegu starfi í landi í sama tíma eða
- hafa staðist viðurkennd próf eða lokið á fullnægjandi hátt viðurkenndu endurmenntunarnámskeiði eða
- hafa a.m.k. þriggja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu, þ.e. að lokinni endurnýjun en þá á viðkomandi rétt á fullri endurnýjun þeirra réttindanna sem hann áður hafði.

Hvað tekur langan tíma að fá skírteini útgefið?

Eftir að öll gögn hafa borist gæti það tekið allt að einni viku. Hægt er að óska eftir flýtimeðferð og greiðist þá tvöfalt gjald.

## Hefur nýtt réttindastig skipstjórnarmanna verið skilgreint?

Samkvæmt lögum nr. [30/2007](#) er nýtt réttindastig til starfa á skipum sem eru allt að 24 metrum að skráningarlengd. Með þessu fyrirkomulagi eru atvinnuréttindi aðlöguð að ákvæðum alþjóðasamþykktar um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa (STCW-F) auk þess sem komið er til móts við óskir um mögulega styttingu náms til lægri atvinnuréttinda skipstjórnarmanna.

## Geta útlendingar verið skipstjórnarmenn á íslenskum fiskiskipum?

- Ef lögskrá á útlendinga á íslenskt skip þurfa þeir kennitölu.
- Þeir þurfa á sama hátt og íslenskir sjómenn að hafa lokið öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Hafi þeir lokið slíku námi í sínu heimalandi þarf að senda staðfestingu þess til Slysavarnaskóla sjómanna sem metur þau gögn og skráir í lögskráningarkerfi sjómanna ef þau eru fullnægjandi.
- [Sjómenn utan EES þurfa atvinnuleyfi](#)
- Þeir útlendingar sem vilja starfa sem skipstjórnar- og vélstjórnarmenn á íslenskum fiskiskipum þurfa að [sækja um áritun](#) á atvinnuskírteini sitt, fylla út og undirrita umsóknareyðublað og senda þau gögn sem þar eru tilgreind. Um þetta gildir 10. gr. laga nr. [30/2007](#) og 24. gr. reglugerðar nr. [175/2008 með síðari breytingum](#).
- Skipstjóri á íslensku skipi sem hefur ekki íslensku að móðurmáli skal standast sérstakt próf [um kunnáttu](#) og [færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum](#) og reglum er varða þau störf sem hann fær réttindi til að gegna.

## Hvaða réttindi þarf til skipstjórnar á varðskipum?

Skírteini	Takmarkanir	Námsstig	Siglingatími	Aldur	Eldra skírteini
Skipherra (EA)	engar	E	1)	18	B.5 - 4. stig
Yfirstýrimaður (DA)	engar	D	2)	18	B.2 - 3. stig
Undirstýrimaður (CA)	engar	C	3)	18	A.5 - 2. stig
1) 36 mánuðir sem stýrimaður á skipum sem eru 500 BT eða stærri og þar af a.m.k. 6 mánuðir sem yfirstýrimaður á varðskipi					
2) 12 mánuðir sem stýrimaður á skipum sem eru 500 BT eða stærri					
3) 12 mánuðir sem stýrimaður eða skipstjóri á skipum 24 metrar og lengri að skráningarlengd					

## Hvaða reglur gilda um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á varðskip?

Um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna gilda eftirfarandi reglur.

Lengd skips	Skipstjórn
< 24 metrar	Skipherra (EA) og stýrimaður (DA)
24 - 45 metrar	Skipherra (EA), yfirstýrimaður (DA) og undirstýrimaður (CA)
> 45 metrar	Skipstjóri (EA), yfirstýrimaður (DA) og tveir undirstýrimenn (CA)